



# PÉSI

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í **apríl**.Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. apríl 2020**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er áskrifandi af ýmsum tímaritum, Sýrpunni og Rauðu seriunni. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að flétta og skoða.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Munið að skila safngögnum, skilahlúgan er alltaf opin ☺

Lestrastund er gæðastund - Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



leitir.is



Gegnir

## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga og þriðjudaga: **16:00-21:00**

Miðvikudaga og föstudaga: 17:00-21:00

**Fimmtudaga: LOKAÐ**

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



## Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalurinn er einnig opinn um helgar ef mót eru í gangi í húsinu. Fylgist með á facebook.

Mars 2020  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.  
347.tölublað.  
pesi@fludir.is.  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er runninn upp og það er svolítill vetur í honum. Það munar þó miklu hvað sólin yljar okkur með lengri degi og maður finnur að það styttest í vorið. Hins vegar hefur veturinn verið að refsa okkur með óveðurrokum og sérstaklega hefur vindurinn verið til mikilla leiðinda. Við höfum almennt sloppið nokkuð vel nema hjá Reyni og Sólveigu varð gríðarlegt tjón á gróðurhúsunum í Götu en vonandi gengur vel að koma starfsseminni af stað aftur og tryggingarvernd reynist viðunandi.

Annars er ýmislegt á seyði í samfélaginu. Sem betur fer þá lítur út fyrir að það verði byggðar nokkuð margar íbúðir eða hús í sveitarfélaginu á þessu ári. Á Flúðum er það ánægjulegt að verið er að byggja litlar eða meðalstórar íbúðir sem ættu að henta þeim sem eru að koma sér af stað á íbúðamarkaðnum. Hins vegar þarf sveitarfélagið að huga að næstu skrefum í framboði lóða og verið er að vinna að því að koma 1 áfanga af stað niður í Laxárhlið.

Þá er einnig ánægjulegt að hreinsistöðin við Félagsheimilið er komin í gang sem er liður í þeirri viðleitni að frárennismál í sveitarfélaginu verði í sem bestu horfi. Það er ánægjulegt að önnur sveitarfélög eru að horfa til þess sem við erum að gera og koma gagngert til að skoða þessa hreinsistöð og hvernig við útfærum þetta. Samhliða vekur starfssemin á Seyrustöðum mikla athygli og ekki síst hvað sveitarfélögin sem standa að verkefninu hafa sýnt mikinn metnað og nálgast það lausnarmiðað. Húsið er risið þó veður hafi tafið framkvæmdir og verður vonandi staður fyrir frekari framþróun verkefnisins.

Sveitarfélögin hafa líka ráðið sérstakan starfsmann sem þjónustufulltrúa seyruverkefnisins og fyrir valinu varð Áslaug Alda Þórarinsdóttir. Vonum við að þetta verði verkefninu til framdráttar en markmiðið er það að bæta þjónustuna og einnig að fráveitu- og aðgengismál hjá einstaka húsum komist í betra horf sem er mikið umhverfis- og öryggismál.

Sveitarstjórn hefur ályktað að skynsamlegt sé að skoða hvort sameina eigi sveitarfélög á svæðinu og er það mál í skoðun í rólegheitunum. Það er orðið ljóst að það verður settur lágmarksíbúafjöldi á sveitarfélögin en hvort sem Hrunamannahreppur verður orðinn með 1000 íbúa árið 2026 eða ekki þá held ég að í ljósi aukinna verkefna sveitarfélaga og breytinga í hagsmunabaráttu þeirra sé skynsamlegt að skoða stærri og öflugri þjónustueiningar þó samfélögin geti haldið sínum sérkennum áfram.

Nú eru að koma fram rekstartölur fyrir árið 2019 og okkur sýnist að þær séu að mestu í samræmi við áætlanir nema í einum málaflokki og það eru úrgangsmálin. Niðurstaðan sýnist mér vera sú að við erum að borga 25 milljónir með málaflokknum og höfum við aldrei séð annað eins

. Auðvitað er hluti skýringar að kostnaður við afsetningu hefur hækkað mikið og við höfum tekið upp hirðingu á lífrænum úrgangi en það er ýmislegt annað sem við getum gert betur í. Hins vegar vonast maður til að við náum betri árangri í málaflöknum með þeim breytingum sem hafa tekið gildi en fleira þarf trúlega að koma til.

Aðrar tölur eru líka að berast en við höldum tölfræði utan um aðsókn í sundlaug, íþróttahús og bókasafn og sem betur fer er lítilsháttar aukning á milli ára. Það er ánægjulegt að þetta eigi við um bókasafnið líka því maður veit aldrei hvernig þetta stefnir með íslenskuna og framtíð bókarinnar. Hins vegar veit ég að bókasafnið er notalegur staður til að heimsækja og Inga Jóna hefur staðið sig vel að skapa gott andrúmsloft á safninu.

Í félagsheimilinu fór líka fram í þriðja skipti viðburður sem kenndur er við Lindy Hop sem hélt aftur eitt lítið aðjóðlegt Lindy Hop dansmót. Þetta er upplýfting í skammdeginu og þó líkur séu á að þessi viðburður sé kominn í dvala þá sýnir þetta okkur hvað góðar hugmyndir geta stýtt okkur stundir og lyft upp hversdeginum. Vonandi getum við haldið áfram á þessari braut að bæta félagsheimilið en núna er búið að koma upp fituskilju við eldhúsið og verið að vinna í að geta skipt því í tvö brunahólf. Síðan verður verkefni ársins að reyna að fækka lekum í þaki hússins og skipta um glugga o.fl. á efri hæð vesturhluta hússins.

Það eru síðan ýmis tíðindi sem geta haft áhrif á þetta ár sem veldur manni áhyggjum. Bæði er það Kórónaveiran og síðan hvort kjarasamningar náist og ef ekki hvort verða löng verkföll. Varðandi veiruna þá veit ég að almannavarnir eru vel undirbúnar undir það en hins vegar hef ég meiri áhyggjur af ferðapjónustunni og efnahagslegum skammtímaáhrifum hennar. Vonandi nást síðan samningar sem eru skynsamlegir þannig að hægt sé að lyfta launum þeirra lægst launuðustu og jafnframt halda stöðugleika áfram í ytra umhverfi.

Sveitarstjórn er búin að skipa ruslamálaráðherra fyrir árið 2020 og hnossið hlaut Ragnheiður Georgsdóttir þetta árið. Eftir er að finna dagsetningu en eflaust verður fyrirkomulagið þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Þá hefur einnig verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það hann Ævar Eyfjörð Sigurðsson sem tók það að sér. Maður er alltaf þakklátur fyrir fólk sem vill taka þátt í svona samfélagslegum verkefnum.

Að lokum vil ég hvetja sem flesta til að sækja árlegt hjónaball Hrunamanna sem að sjálfsgöðu fer fram í íþróttahúsinu þannig að pláss er fyrir alla.

Göngum bjartsýn til verka á móti hækkandi sól.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## AÐALFUNDUR FÉLAGS ELÐRI HRUNAMANNA,

verður haldinn miðvikudaginn 25 mars kl:14  
í Félagsheimili Hrunamanna.

Fundagerð: Skýrsla formanns og gjaldkeri leggur fram  
reikninga félagsins.

Kosningar: Kjósa skal nýjan ritara og varafulltrúa í stjórn.  
Núverandi ritari gefur ekki kost á sér.

Önnur mál:

Kaffi í boði FEB. Vonumst til að sjá  
sem flesta og gaman væri ef nýir  
félagar bættust í hópinn.



Kveðja, stjórnin

## Félag eldri Hrunamanna. VATNSLEIKFIMI!



Vatnsleikfimin fyrir féлага í  
Félagi eldri Hrunamanna hefst 11  
mars kl: 15:20

Kveðja stjórnin.

## Frá Félagi eldri Hrunamanna Árshátíð

Árshátíð félagsins verður haldin í Félagsheimilinu laugardaginn  
21. Mars 2020. Húsið opnar kl. 19:00 með fordrykk og borðhald  
hefst kl. 19:30. Á borðum verður þriggja rétta máltíð frá Hótel  
Flúðum. Skemmtiatriði. Miðapantanir þurfa að hafa borist í  
síðasta lagi **sunnudagskvöldið 15. mars** til Kötu í síma 486  
6696, Möggu í síma 893 6606 eða Margrétar  
Emilsdóttur í síma 868 4006. Miðaverð er 6500 kr.  
Vonumst til að sjá sem flesta og takið með ykkur  
gesti. Kveðja, nefndin



## **Atvinna.**

Starfskraftur óskast til afleysinga í þrifum, þvottum og umsjón með bústöðunum okkar í Mosási.

Nánari upplýsingar gefur Fjóla, sími 8685751



## **Jarðvegstíppur.**

Eru einhverjir í nágrenni Flúða sem vildu og gætu tekið á móti efni í jarðvegstípp. Vegna framkvæmda á árinu vantar hugsanlega pláss fyrir slíkt. Vinsamlegast hafið samband við sveitarstjóra í síma: 480 6600 eða á netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)

## **Sumarvinna.**

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu við sundlaugina á Flúðum. Viðkomandi þurfa að hafa náð 18 ára aldri og ljúka sundlaugarvarðarprófi og skyndihjálparnámskeiði.

Umsóknir berist til Péturs á netfang: [petur@fludir.is](mailto:petur@fludir.is) fyrir 8. apríl nk.

Allar nánari upplýsingar hjá Pétri í síma 895 6603 eða á netfang: [petur@fludir.is](mailto:petur@fludir.is)



## **Vinnuskóli**

Verður starfræktur frá **8. júní** til og með **10. júlí** í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2004–2006.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 24. apríl á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is).

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



Nýjasta nýtt frá París og Hollandi

# TÍSKUFATNAÐUR Í ÚRVALI

VIÐ KOMUM TIL YKKAR

SJÁUMST  
HRESS

Staður: *Heimaband (Kjallari)*

Dagsetning: *Þriðjudag 17. mars.*

Tími: *13<sup>00</sup> - 15<sup>00</sup> ÚTSALA. Stund og  
Stemning.*

## Vandaðar vörur. Gott verð

Mikið úrval af herravörum:  
peysur, buxur, pólóbolir, vesti.  
Stórar stærðir.

Dömuvesti í úrvali. St. 38-52.  
Túnukur, kjólar, stærð S-3XL.  
Buxur, leggings.  
Peysur, bolir, skyrtur.  
Skart, klútar.

Við tökum greiðslukort.

LOGY.IS



## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



### Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

## UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



Fimmgangur í Uppsveitadeildinni á Flúðum fór fram föstudagskvöldið 21 febrúar og óhætt er að segja að keppnin hafi verið hörð og spennandi ! Margar flottar sýningar og frábærir skeiðsprettir litu dagsins ljós.

Efstur eftir forkeppni var Jón Óskar á Örvari frá Gljúfri, annar var Þorgeir Ólafsson á Snilld frá Fellskoti, þriðji var Þórarinn Ragnarsson á Glað frá Kálfhóli og fjórðu voru Hekla Katharína Kristinsdóttir og Jarl frá Árbæjarhjáleigu II .

### Úrslit urðu eftirfarandi :

1. Hekla Katharína Kristinsdóttir og Jarl Árbæjarhjáleigu II
2. Þorgeir Ólafsson Snilld frá Fellskoti
3. Þórarinn Ragnarsson og Glaður frá Kálfhóli 2
4. Karen Konráðsdóttir og Lind frá Hárlaugsstöðum 2
5. Jón Óskar Jóhannesson og Örvar frá Gljúfri
6. Reynir Örn Pálmason og Þristur frá Tungu
7. Jón William Bjarkason og Vaka frá Ásbrú
8. Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Bragi frá Skriðu
9. Ragnildur Haraldsdóttir og Kappi frá Kambi
10. Helgi Þór Guðjónsson og Móri frá Kálfholti





Einstaklings og liðakeppnin er ekki síður spennandi nú þegar tvær greinar eru búnar. Stigahæsta lið fimmgangsins var lið STORM RIDER sem nú situr í þriðja sæti í liðakeppninni. Eftstendur lið KÍLHRAUNS en lið ÁRBÆJARHJÁLEIGU saxaði á forskotið og situr í öðru sæti eftir gott gengi í fimmgangnum.

### **STAÐAN Í EINSTAKLINGS OG LIÐAKEPPNI EFTIR 2 GREINAR**

|      | KNAPI/LIÐ  | STIG |
|------|--|------|
| 1    | Þorgeir Ólafsson FRIDHEIMAR/SKJÓL                | 36   |
| 2-3  | Rósa Birna Þorvaldsdóttir KÍLHRAUN               | 35   |
| 2-3  | Hekla Katharína Kristinsdóttir ÁRBÆJARHJÁLEIGA   | 35   |
| 4    | Ragnhildur Haraldsdóttir KÍLHRAUN                | 33   |
| 5    | Helgi Þór Guðjónsson KÍLHRAUN                    | 29   |
| 6    | Brynja Amble STORM RIDER                         | 28   |
| 7    | Jón Óskar Jóhannesson BREKKA/HJARÐARHOLT/MIDENGI | 26   |
| 8    | Jón William Bjarkason MEISTARI LOFTUR            | 21   |
| 9-10 | Árný Oddbjörg Oddsdóttir ÁRBÆJARHJÁLEIGA         | 19   |
| 9-10 | Þórarinn Ragnarsson STORM RIDER                  | 19   |

## **13 MARS TÖLT & SKEIÐ**

|   | LIÐ                        | STIG |
|---|----------------------------|------|
| 1 | KÍLHRAUN                   | 97   |
| 2 | ÁRBÆJARHJÁLEIGA            | 89   |
| 3 | STORM RIDER                | 80,5 |
| 4 | FRIDHEIMAR/SKJÓL           | 75,5 |
| 5 | BREKKA/HJARÐARHOLT/MIDENGI | 44,5 |
| 6 | MEISTARI LOFTUR            | 39,5 |
| 7 | BALDVIN OG ÞORVALDUR       | 35   |



Ítarlegri úrslit og myndir má finna á facebook síðum Uppsveitadeildar sem og síðum hestamannafélaganna.

 [uppsveitadeildin2020](#)

## Flokkunarhornið.

**Litað timbur fer í sér gám en  
ekki í grófan úrgang.**



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**Samkaup** **strax**

### Flúðum

Opnunartími 2020

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-18:00

Föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-17:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# New York, London og núna Friðheimar

## Pop-up fjölrétta óvissuferð að hætti Friðriks V

Friðrik V verður gestakokkur í Friðheimum Bláskógabyggð laugardagskvöldið 14.mars nk.

Húsið opnar klukkan 19:00 með fordrykk og ljúfum tónum. Kvöldverðurinn hefst svo stundvíslega klukkan kl.19:30

Boðapöntun fer fram á netfanginu [fridheimar@fridheimar.is](mailto:fridheimar@fridheimar.is)

Vinsamlegast athugið að síðasti dagur bókonar er miðvikudagur 11.mars kl: 16.00

Verð á mann:

- Fjölrétta óvissuferð kr. 8.900.-
- með sérvöldum vínun kr. 19.000.-
- með sérvöldum björum kr. 15.000.-
- með sérvöldum óáfengum drykkjum kr. 13.000.-

Mikilvægt er að tilkynna með bókun ef um fæðuofnæmi/óþol eða aðrar sérþarfir er að ræða.

### ATH. Takmarkað sætaframboð

*Hjónin Friðrik og Adda ráku veitingastaðinn Friðrik V með miklum ágætum í 15 ár. Fyrst á Akureyri og síðan í Reykjavík. Staðurinn var þekktur fyrir að vera leiðandi í framúrskarandi matargerð úr íslensku árstíðarbundnu hráefni og veita einstaka þjónustu. Staðurinn fékk mjög góða dóma, fjölda verðlauna og viðurkenninga. Einnig skoraði hann í langan tíma hæst á lista Trip Advisor sem besti veitingastaðurinn í Reykjavík. Núna ferðast þau hjónin milli landa með sína hugmyndafræði til að leyfa fleirum að njóta.*

Við hlökkum til að sjá ykkur  
Friðrik V og Adda, Knútur og Helena og starfsfólk





## *Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími .*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur

## **Aðalfundur UMFH**

Aðalfundur UMFH verður haldinn fimmtudagskvöldið 26.mars klukkan 20 í Félagsheimili Hrunamanna.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Önnur mál

Stjórn UMFH

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT

# E EIMSKIP

Flytjandi



### PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.  
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.  
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning  
eða reglubundna flutningsþjónustu.

# E EIMSKIP

Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## Frá Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur félagsins verður haldinn á Hótel Flúðum miðvikudaginn **25.mars kl. 11**. Venjuleg aðalfundastörf og kosningar. Bogi Pétur Eiríksson gjaldkeri gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Guðmundur Jóhannesson ráðunautur kemur og fjallar að vanda um niðurstöður skýrsluhaldsins, kynbótastarfið ofl. Verðlaun verða afhent og síðan verður súpa í boði félagsins.

Stjórnin



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

**Vetraropnun / Winter opening hours**

Opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.

Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP

Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035



## KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið föstudaga frá kl. 17.00 - 21.30

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12.00 – 21.30

*Frá og með 9. apríl, er opið  
alla daga frá kl. 11.00 til 21.30*

Open Fridays from 17.00 - 21.30

Saturdays and Sundays from 12.00 – 21.30

*From the 9th of April: 11.00 – 21.30*

Verið velkomin!  
Everyone welcome!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)

